

Reykjavík, 7. febrúar, 2022.

**Umsögn Landsambands eldri borgara um Tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaráætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða.**

Landssamband eldri borgara fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaráætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða.

Ljóst er að um drög að aðgerðaráætlun er að ræða, og að fylgja þurfi tillögunni eftir með framkvæmdaáætlun og því fjármagni sem þarf. Flest sem talið er upp í tillögunni er til bóta og ætti að auðvelda þá vinnu.

Við viljum minnst á nokkur atriði sem fram koma í þingsályktunartillögunni og greinargerðinni auk þess sem okkur finnst ástæða til að benda á.

1. Nauðsynlegt er að lögð verði áhersla á að notuð sé persónubundin þjónusta skv. mati þverfaglegra aðila úr heilbrigðisstéttum.
2. Oft er minnst á nauðsyn þess á að tekin verði upp velferðartækni á sem flestum stigum þjónustu við aldraða. LEB hefur í sínu starfi lagt mikla áherslu á að kynna þannig tækni við sína félagsmenn. En ekki má gleyma að allir eru ekki þannig staddir að þeir ráði við að tileinka sér slíka þjónustu og gæta þarf þess að ná til allra. Þarna er áriðandi að hafa gott samband og samstarf við aðstandendur.
3. Það er oft minnst á menntun og þjálfun starfsfólks. Menntað starfsfólk er hornsteinn hjúkrunarheimilanna, en jafnframt leggjum við mikla áherslu á að starfsþjálfun sé aðgengilega fyrir ófaglært starfsfólk í þessum geira og að sú þjálfun gefi starfsfólki laun skv. menntun.
4. Nauðsyn er að fylgjast vel með fjölgun aldraðra með könnunum og meta þörf á hjúkrunarrýmum samkvæmt því. Þó gert hafi verið áttak í fjölgun hjúkrunarrýma er langt í land með að þau séu nægjanlega mörg, sbr. svokallaðan fráflæðisvanda sjúkrahúsa. Dagdvalarrými eru líka nauðsynlegur kostur og síðan leggjum við mikla áherslu á að aðstoð við fólk til að búa heima verði aukin og ekki síst samræmd á milli ríkis og sveitarfélaga. Jafnframt því er nauðsynlegt að efla vinnu við að sinna geðheilbrigði fólks og einmanaleika sem getur verið mikill, sérstaklega þegar fólk býr eitt heima.
5. Í tillögunni er talað um að tryggja þurfi sérstakan stuðning til aðstandenda aldraðra sem sinna sínu fólki heima. Þar hefðum við viljað sjá betri skilgreiningu á því hvernig á að framkvæma það.

Í lok tillögunnar er talað um að efla nýsköpun og vísindi í þjónustu við eldra fólk og stofnun nýsköpunar, rannsókna og þróunarseturs.

Starfandi er *Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu* sem samkvæmt okkar athugunum starfar að margskonar rannsóknar og þróunarmálum eldra fólks, og hefur gert síðan hún var stofnuð 2018. Það mætti skoða að efla þá starfsemi frekar en búa til nýjar stofnanir.

Okkur finnst líka athugasvert að í lok greinargerðarinnar „Mat á áhrifum“ er sagt að ekki sé búist við að tillagan ein og sér muni leiða til aukins kostnaðar. Ekki lofar það góðu, nema í upphafi fylgi framkvæmdaáætlun og fjármögnun, eins og við höfum áður nefnt.

Okkur finnst að það sé mikill þröskuldur í þjónustu við aldraða, að málefni hópsins heyra undir mörg ráðuneyti og ekki síður að dagleg þjónusta skiptist á milli sveitarfélaga og ríkis. Þetta er nærþjónusta og ætti sem slík ef til vill að heyra einungis undir sveitarfélögin.

Fyrir hönd Landssambands eldri borgara - LEB

Helgi Pétursson, formaður LEB

Dagbjört Höskuldsdóttir, formaður Velferðarnefndar LEB